

## 103/00 - Bv. Hrafn Sveinbjarnarson GK-255

Hrafn Sveinbjarnarson GK-255, skipverjar slasast um borð í þegar kengur rifnar úr lunningu við það að híft er

### Bv. Hrafn Sveinbjarnarson GK-255

**Skipaskr.nr.:** 1972

**Smíðaður:** í Noregi 1988 úr stáli

**Stærð:** 390,00 brl; 1.028,00 bt

**Lengd:** 47,90 m **Breidd:** 11,00 m **Dýpt:** 7,45 m

**Vél:** Deutz 1.850,00 kW **Árgerð:** 1988

**Annað:**

**Földi skipverja:** 25



Hrafn Sveinbjarnarson ©Jón Sigurðsson

### Atvikalýsing

Hinn 11. nóvember 2000 um kl. 00:00 var bv. Hrafn Sveinbjarnarson GK-255 að veiðum á Glettinganesflaki: Veður: norðaustan 5-7 vindstig.

Skipverjar voru að hífa inn veiðarfæri og var pokinn kominn inn fyrir skutrennuloka og var aflinn áætlaður 2,5 tonn. Þar sem fiskur lá fram eftir belgnum átti að setja gils á pokann fyrir framan fiskinn áður en híft var upp til að tæma pokann.

Þegar lokið var við að draga veiðarfærið inn með bakborðs-stóragilsinum var hann tekinn af belgnum og farið með krókinn aftur eftir og honum krækt í keng á rennulunningunni rétt framan við skutrennulokann og þar var hann tilbúinn fyrir næstu notkun.

Þegar híft var í pokagilsinn til að tæma úr pokanum töldu skipstjórnarmenn að ekki næðist að tæma pokann í einni hífingu. Var slakað í pokagils og gilsinn færður til á belgnum svo það næðist að lyfta nægjanlega hátt til að tæma hann. Eftir að lokið var við að færa pokagilsinn nær fiskinum og átti að fara að hífa í pokagilsinn og stjórnborðs-stóragils tók stjórnandi vindunnar í stjórnstöng fyrir bb-stóragils og hífði í stað stjórnstangar fyrir stjórnborðs-stóragilsinn. Þar sem krókurinn á bb-stóragils var fastur í keng aftur við skutrennulunningu rifnaði kengurinn við átakið og kengur, gilskrókur og gilsvírinn slengdust fram eftir veiðarfærarenunni. Lenti þetta á tveimur skipverjum sem voru við störf sín og slösudust þeir. Var haft samband við lækna í landi um aðhlynningu hinna slösuðu og skipinu siglt til hafnar. Kl 04:10 var skipinu lagt að bryggju og hinum slösuðu komið undir læknishendur.

### Við rannsókn kom fram

- að sögn slasaða hafði verið lokið við að losa úr pokanum niður í fiskmóttökuna og verið að hnýta fyrir hann;
- að stjórnstangir fyrir stb.- og bb.-stóragils eru hlið við hlið í stjórnborði fyrir vindurnar á stjórnpalli. Í myrkri er ekki auðvelt að sjá hvaða stjórnloki er fyrir hvora vindu að sögn skipverja.

### Nefndarálit

Nefndin telur ljóst að orsök slyssins hafi verið að híft var með rangri vindu.

### Tillögur í öryggisátt

Nefndin telur að koma megi í veg fyrir sambærileg mistök við hífingu ef höfð eru gaumljós við stjórnstangir fyrir vindur sem eru í pörum. Grænt ljós fyrir stjórnborðsvindu og rautt ljós fyrir bakborðsvindu til að auðvelda stjórnendum að átta sig á hvaða stjórnstöng er fyrir hvaða vindu.